



101. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 4. nóvember, 2004, kl. 17:30.

Bæjarráð kom saman í Leikskólanum Barnabæ og þaðan var farið í Sundlaug Blönduóss. Haldið til fundar á bæjarskrifstofu kl. 18:20.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2005
2. Yfirlit yfir árgjöld sveitarfélaga vegna Anvest 2004.
3. Fundargerð fundar um slökkviliðsmál.
4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Fjárhagsáætlun 2005**
Rætt um mögulegar framkvæmdir næsta árs. Ákveðið að boða byggingarfulltrúa og skólastjóra á næsta fund bæjarráðs í tengslum við fjárhagsáætlun.
2. **Yfirlit yfir árgjöld sveitarfélaga vegna Anvest 2004.**
Fram lagt yfirlit yfir árgjöld þeirra 9 sveitarfélaga sem aðilar eru að Atvinnuþróunarfélagi NV. Hlutur Blönduóssbæjar nemur kr. 1.058.344,-
3. **Fundargerð fundar um slökkviliðsmál.**
Fundurinn var boðaður af brunamálastjóra og haldinn á Hvammstanga 22. október sl. Mættir voru fulltrúar Bæjarhrepps, Húnaþings vestra, Brunavarna A-Hún og Höfðahrepps. Markmið fundarins var að ræða möguleika á samvinnu milli þessara svæða, sérstaklega hvað varðar eldvarnareftirlit og mengunarslysaviðbragð. Er þess óskað að Brunavarnir A-Hún tilnefni fulltrúa í starfshóp til að ljúka skýrslugerð um samvinnu þessara slökkviliða. Lagt fram til kynningar.



4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fram lagt kynningarbréf og dagskrá ráðstefnu á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Norræna fötlunarráðsins um aðgengi fyrir alla, haldinn 18. nóvember nk.

5. Önnur mál voru engin.

***Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:30.***

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)